— Ræður

Framhald af bls. 3.

4300 krónum, sem jafnast á við söltun á hundrað tunnum. Þá fá þær fríar ferðir og núna á laugardag og sunnudag sendum við tvær flugvélar norður með fjörutíu stúlkur, og eru þá aðeins örfáar enn eftir í bænum. Það mætti kannski geta þess, að aldrei hefur til þess komið að gera upp tryggingu. Við byrjuðum að salta á Raufarhöfn, þar sem flestar stúlkurnar eru á laugar dag, söltunin komin upp í 3500 tunnur og nokkrar búnar að salta yfir hundrað tunnur.

— Og sumarið er fljótt að líða á Raufarhöfn?

— Já, og þó sérstaklega þegar vel veiðist. Ég snýst í ýmsu, hef unnið á skrifstofunni að staðaldri, tekið við stjórninni að nokkru leyti þegar maðurinn er fjarverandi og unnið við söltun þegar mikið hefur legið við.

En í sumar er ég ráðin gjaldkeri.

— Verðið sennilega vinsælasti kvenmaður á N-Austurlandi þegar þér borgið út.

— Ég skal ekkert um það segja. Í rauninni er gert upp við fólkið, þegar vertíðinni lýkur, en það er hægt að taka út fyrirfram til að standstraum af matarkostnaði og fyrirz smáútgjöldum eins og gengur. Piltarnir, sem unnu á skrifstofunni á undanförnum árum höfðu sérstakt lag á að telja stúlkurnar á að spara, og ég vona, að mér takist hið sama.

— Hvernig eyðir fólkið frístundunum?

— Á ýmsan veg, maður lifandi. Böllin eru vinsælust og landlegunum er víst óþarfi að lýsa. Við höfum oft saknað þess í Óskarsstöð, að hafa ekki samkomusal, því að stund um hafa harmonikuleikarar verið á bátunum, sem landa hjá okkur, og þá hefur dansinn dunað í öllum herbergjum, á skrifstofunni og á göngunum. Einhvern tíma á sumrinu förum við í ferðalag með starfsfólkinu ýmist í Ásbyrgi eða suður á firði. Í landlegunum er hafður vaktmaður í svefnskálunum og engum veittur aðgangur eftir miðnætti. Þetta hefur leitt til þess að ýmsir kunningjar á bátunum hafa beðið okkur um passa að skálunum, svo að þeir gætu litið inn til vinkvennanna. Einu sinni fékk ég einn slíkan gest að stöðinni, vel hífaðan, sem bankaði upp á og verkstjórinn fór til dyra. Sá, sem úti var, fylltist gremju og hrópaði stundarhátt: „O, hver andskotinn — hefur hún nú varðhund líka". Þannig gengur þetta á síldinni — alltaf eitthvað á seyði og andrúmsloftið þrung ið ólýsanlegri spennu.

— Trúið þið ekki mikið á drauma og ýmis fyrirbæri, sem lifið og hrærist í óvissunni?

— Jú, það fer ekki hjá því. Ég veit að skipstjórarnir mega ekki vera án einhverjar vissr ar húfu eða vasaklúts, og góð nöfn í draumi eru manninum fyrirboði góðs sumars. Mig dreymdi fyrir nokkrum árum, þegar sem verst gekk að veiða síldina og sáralítið búið að salta, að ég væri að kaupa kjöt suður í Keflavík, fékk þrjú stór kjötstykki og mikið af áleggi. Næstu þrír dagar voru beztu síldveiðidagar sumarsins og áleggið voru nokkrir sæmilega góðir dagar, er fylgdu næst á eftir.



— Reykjavíkurbréf

Framh. af bls. 13.

Þá er það heldur ekki nóg að segja að „verkamenn", þ.e. komm únistar, í öðrum löndum, eigi sjálfir að ráða málum sínum, jafnframt því sem á því er hamrað, að þeir séu fyrst og fremst kommúnistar, síðan þegnar síns eigin þjóðfélags. Hvað sem öllum orðum og yfirlýsingum líður, þá höfum við Íslendingar það enn fyrir augum, að hér er haldið uppi stjórnmálaflokki, þar sem ýmsir menn, góðir og gegnir að upplagi, hafa gerzt og enn eru skaðræðismenn gegn sinni eigin þjóð, með því að þeir í verki hafa fylgt og fylgja enn því boðorði Krúsjeffs að vera fyrst og fremst kommúnistar og því næst Íslendingar.

HEILDARSÍLDARAFLINN í fyrrinótt var um 31 þús. mál og tunnur. Afla þennan fengu 60 skip.

Síldin veiddist 50—60 sjómílur ANA af Raufarhöfn og á Héraðsflóa, Seyðisfjarðar-, Norðfjarðar- og Reyðarfjarðardýpi.

Flestir bátarnir tilkynntu, að þeir færu með síldina til Seyðisfjarðar.

Lúðrasveit Reykjavíkur leikur á Austurvelli kl. 3.30

LÚÐRASVEIT Reykjavíkur leikur í dag á Austurvelli og hefst leikur sveitarinnar klukkan 3.30. Stjórnandi er dr. Páll Ísólfsson.

Leikin verða lög sem voru í tízku fyrir um 30 árum.

— Stórstúkuþing

Framh. af bls. 2

Stórgæzlumaður unglingastarfs Sigurður Gunnarsson, fyrrv. skólastj., Reykjavík.

Stórgæzlumaður löggjafarstarfs: Sveinn Helgason, stórkaupm, Reykjavík.

Stórfræðslustjóri: Magnús J. Kristinsson,- rafvélavirkjameist ari, Akureyri.

Stórkapellán: Þóra Jónsdóttir, frú, Siglufirði.

Stórfregnritari: Njáll Þórarinsson, stórkaupm., Reykjavík.

Fyrrverandi stórtemplar er séra Kristinn Stefánsson, áfengisvarnarráðunautur, Reykjavík.

Heiðursfulltrúi: Jóhann Ögmundur Oddsson, Reykjavík.

(Fréttatilkynning frá Stórstúku Íslands I.O.G.T.)

Samningur um stofnun Malaysíu undirritaður

Kuala Lumpur, 6. júlí (AP). **TUNKU Abdul Rahman, forsætisráðherra Malaya, kom til London í dag. Erindi hans þangað er að undirrita samning um stofnun ríkjasambandsins Malaysíu.**

Talið er að samningurinn verði undirritaður á mánudag, en 31. ágúst n.k. verður ríkjasambandið formlega stofnað, ef allt gengur að óskum.

Aðild að Malaysíu eiga Malaya, Singapore, nýlendur Breta á Borneó (Sarawak og N-Borneó) og soldánsríkið Brunei, sem nýtur verndar Breta.

Fulltrúi Malaya hefur dvalizt í London að undanförnu til viðræðna við brezku stjórnina um stofnun ríkjasambandsins, en brezku nýlendurnar á Borné fá sjálfstæði um leið og Malaysía verður stofnuð.

Athugið!

að borið saman við útbreiðslu er langtum ódýrara að auglýsa í Morgunblaðinu, en öðrum blöðum.

Morgunblaðið

SKRIFSTOFA SKEMMTIKRAFTA
Pétur Pétursson

Tónleikar Valdimir Azkenasy

Tilkynnt verður í hádegisútvarpi í dag um næstu tónleika og sölu aðgöngumiða.



VERZLUNIN Dimmalimm, að Skólavörðustíg 4, hefur um þessar mundir sýningu á vegg teppum eftir Ásgerði Búadótt urur. Áður hefur Dimmalimm haft sýningu á teppum eftir Barböru Árnason og járnkúnst eftir Jóhann Gunnar Árnason.

Sýningin stendur í vikutíma og eru veggteppin til sölu.

Dimmalimm hefur einnig á boðstólum leirmuni eftir Heidi Guðmundsson, málverkaeftirprentanir, listmuni og heimilisiðnað hvers konar.

Myndin: Tvö af teppum Ásgerðar og leirmunir eftir Heidi Frú Helga Egilsson handleikur könnu eftir Heidi.

Ljósm. Sv. Þ.

Móðir okkar og tengdamóðir
RÓSA EGGERTSDÓTTIR
Vesturgötu 17,
verður jarðsungin frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 9. júlí kl. 15.

Þeim sem vildu minnast hinnar látnu er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

Anna Bjarnadóttir, Bergur Bjarnason,
Guðrún Bergsdóttir, Frank Stefánsson,
Þorleifur Guðmundsson.

Öllum þeim, sem sendu okkur samúðarkveðjur við andlát og útför
KRISTÍNAR JÓHANNESDÓTTUR
Holtsgötu 39,
sendum við okkar beztu þakkir.

Halla Þórhallsdóttir, Kári Halldórsson,
Hörður Þórhallsson, Úlla Sigurðardóttir,
Markús Þórhallsson, Hjördís Sigurjónsd.,
ásamt börnum.

Hjartkær drengurinn okkar
JÓN GUÐMUNDSSON
andaðist á Landakotsspítala 5. júlí.

Sigurbjörg Sigurbjörnsdóttir,
Guðmundur Jónsson.